

Nefndasvið Alþingis
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 128/1386
komudagur 28.2.2003

Ágæta Félagsmálanefnd Alþingis


Leitað hefur verið til Samtaka gegn fátækt eftir viðbrögðum við tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar. Þökkum við þann áhuga sem sýndur er okkar sjónarmiðum.

Því er fljótsvarað að við hljótum að taka heilshugar undir þær tillögum sem hér eru bornar fram. Fátæku fólki á Íslandi sviður sárt að finna það skeytingarleysi sem lengi hefur ríkt um málefni þess. Og verst þykir okkur að heyra og sjá slík viðhorf í röðum þeirra sem kjörnir eru fulltrúar almennings á hinu háa Alþingi. Því er það okkur mikill léttir að sjá þessa tillögu fram borna með svo ljósum rökum sem hér eru sett á blað. Rök sem við þekkjum af eigin raun, auk þess sem við höfum kynnt okkur rannsóknir Hörpu Njáls, sem vitnað er til. Þar kemur okkur að vísu ekkert á óvart, nema hennar góðu vinnubrögð og skeiegg framsetning.

Hvetjum við það stjórnmalafólk sem hér stígur fram fyrir hönd tugþúsunda Íslendinga, sem ekki hafa átt sterka rödd í samfélaginu, til dáða í þeirri von að hinn sári veruleiki fátæktar á Íslandi megi vera afhjúpaður og með þjóðinni skapist samstaða um að útrýma fátækt úr okkar ríka samfélagi.

Þess viljum við að lokum geta að síðustu misseri hefur fátækt aukist hér í landi og nýir hópar fólks hafa bæst í þann fjölda sem lifir undir fátæktarmörkum. Er þessi öfugþróun með öllu óþolandi.

Virðingarfyllt
Reykjavík 27.2. 2003


Sigrún Ármanns Reynisdóttir